

Fróðlegt erindi.

Ástæða er til að þakka fyrir eins fróðlegt og merkilegt erindi og það sem Björgúlfur Ólafsson læknir flutti í útvarpið 1. júní í sumar. Ofurmegni gróðursins í hitabeltislandi var þar frábærlega vel lýst, og mangrovefjörinni, þar sem eru skógartré í stað þangs og þara. Þar kemur fram í jurtaríkinu nokkur viðleitni á þessu afturhvarfi til sjávarins, sem meiri brögð hafa þó orðið að í dýrarikinu. Erindi þetta var vel lagt til að glæða skilning vorn á því hversu tæpt hefir verið á því, að jörð vor gæti fóstorað mannkyn; ýmist of heitt hér eða of kalt; of þurrt eða of vott; gróðurinn óviðráðanlegur eða of litill. En hlutverk mannkyns

vors, að sigrast á öllum þessum örðugleikum og gera jörðina að góðum samastað fullkomnara lífs. Og er enginn vafi á að þetta gæti tekist, en þó ekki nema mönnunum lærist að beita kröftum sínum að réttu marki, með mjög miklu betri og viðtækari samtökum en hingaðtil. En ef svo verður, mun margt það takmarkast, sem að svo komnu hefir reynzt með öllu ómögulegt, einsog t. d. að beina þessu ótrúlega gróðurmagni hitabeltisins, sem Björgúlfur lýsti svo vel, eftir vilja manna og þörfum.

Helgi Pjeturss.

Vísir 21 okt. 1942